



22. fundur stjórnar LH 2022-2024
17. apríl 2024 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir,

Mætt úr varastjórn: Valdimar Magnús Ólafsson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holaker

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir

Forföll boðuðu: Edda Rún Ragnarsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Hákon Hákonarson,

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 20. og 21. fundar
2. Verkefnastaða í nefndum

Landsliðs- og afreksnefnd

Verið er að safna tollum í stóðhestaveltuna.

Nýjar starfsreglur nefndarinnar í vinnslu, verða lagðar fyrir stjórn LH á næsta fundi.

Mannvirkjanefnd

Uppfærður landsmótsstaðall er í vinnslu og verður lagður fyrir næsta stjórnarfund

Sameiginleg menntanefnd dómarfélaganna stóð fyrir fyrirlestri um álagseinkenni. Dómurum beggja dómarafélaga og nemendum og kennurum Hólaskóla var boðið á fundinn.

Valnefnd er að stilla mælikvarða fyrir knapaval ársins.

Dómaranefnd – fundar þessa dagana um úthlutun dómara á landsmót.

Hákon og Birna koma inn á fund

Öryggisnefnd

Nefndin ásamt stjórn LH hafa beint þeim tilmælum til mótshaldara að halda ekki flugskeið í gegnum höll, en allmörg slík mót eru haldin á hverju ári og aðstæður mjög mismunandi eftir reiðhöllum. Bent hefur verið á að knapar í deildum hafa ekki val um að taka ekki þátt í greinunum þar sem það kæmi niður á stigasöfnun liða og einstaklinga.

Til umhugsunar hvort gera eigi auknar kröfur um öryggisbúnað knapa í skeiðkappreiðum.



Öryggisnefnd falið að fjalla áfram um málið og jafnvel undirbúa tillögu fyrir landsþing er varða auknar öryggiskröfur í kappreiðum.
Jóhanna Þorbjörg, nefndarkona í öryggisnefnd, hefur verið ráðin öryggisfulltrúi á landsmóti, en það er í fyrsta sinn sem Landsmót ræður öryggisfulltrúa.

Útbreiðslunefnd

Fyrirlestraröð í undirbúningi um aðra þætti hestamenskunnar en hefðbundnar hringvallagreinar. Efni fyrirlestranna verða:

- Hestaljósmyndun – Gígja Einarsdóttir ljósmyndari
- Trec keppni – Anna Sonja Ágústsdóttir Hestamannafélaginu Funa
- Kappreiðar fyrr og nú – Sigurbjörn Bárðarson
- Hestanudd – Merle Storm Osteopathi og Cranio
- Hestaferðir – Hermann Árnason

Samþykkt var að veita nefndinni 100.000 kr. fjárframlag til að standa straum af kostnaði við fyrirlestrana.

Æskulýðsnefnd

Umsóknarferli fyrir Youth Cup stendur yfir en fáir hafa sótt um.
Hestamannafélögum falið að virkja sína unglinga og hvetja þá til að sækja um.

Útbreiðsla gæðingakeppni

VÓ hefur verið að aðstoða Haffa Gísla með að undirbúa fræðslu í Svíþjóð en 700 þátttakendur skráðir.

Samstarf við HOI í undirbúningi um framleiðslu á kynningarefni um gæðingakeppni fyrir Landsmót.

3. Mannabreyting í tölvunefnd – Til bókunar

Ketill Björnsson tekur sæti í tölvunefnd í stað Bjarkar Guðbjörnsdóttur

4. Dómur Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli Jóhanns R. Skúlasonar gegn LH

Dómi Áfrýjunardómstóls ÍSÍ þann 5. apríl 2024 er á þá leið að stjórn og landsliðsnefnd LH hafi verið óheimilt að vísa landsliðsmanninum Jóhanni Rúnari Skúlasyni ótímabundið úr landsliðshópi Íslands, þann 31. október 2021.

Dómurinn sker úr um að vald til að velja knapa í landslið er á hendi landsliðsþjálfara og landsliðsnefndar hverju sinni en ekki dómstóla Íþróttasambandsins eins og segir í dómnum. Dómurinn fellst þannig einnig á að þeim sem falið er að velja þátttakendur



hafi verulegt svigrúm til þess enda myndi inngrip dómstóla hafa í för með sér ófyrirséðar afleiðingar fyrir íþróttahreyfinguna.

Dómurinn kveður á um að stjórn LH hafi verið óheimilt að vísa í þær greinar í íþróttalögum og lögum ÍSí sem gert var í yfirlýsingu stjórnar, sem kveða á um ótímabundna brottvikningu.

Frá því viðkomandi knapa var vísað úr landsliðinu hafa siðareglur LH og samningar við landsliðsknapa verið teknar til endurkoðunar, einnig eru í vinnslu nýjar starfsreglur fyrir landsliðsnefnd sem ætlað er að skerpa á verklagi nefndarinnar. Á fundi með forseta, framkvæmdastjóra og lögmanni ÍSí kom fram að hugmyndir eru um að útvíkka starfsemi Lyfjaeftirlitsins sem yrði eins konar úrskurðarráð í Lyfja- og agamálum innan íþróttahreyfingarinnar.

5. Önnur mál:

- a. Skipan fulltrúa LM/LH í verkefnastjórn Landsmóts 2026 í Skagafirði
Formanni falið að finna heppilegan fulltrúa í verkefnastjórnina.
- b. Vorreiðtúr stjórnar
Lagt til að hittast fimmtudag 16. maí, riðið út frá Mosfellsbæ og grillað á eftir.
- c. Landsmót 2024 – óskað eftir að kynningu frá LM2024 á næsta fundi
- d. Drög að fundaplani fyrir fundarferð stjórnar

Norðurland eystra – lokið
Norðurland vestra – 2. maí
Suðurland – 13. maí
Höfuðborgarsvæðið – ótímasett í lok maí
Borgarnes – ótímasett í lok maí
Austurland – ótímasett í lok maí

- e. ÍSí hefur veitt frest til 31. maí til að skila starfsskýrslu en þátttakendafjöldi á Landsmóti hefur miðast við félagatal í starfsskýrslu hestamannafélaganna þann 15. apríl. Félagatal skv. Sportablar þann 15. apríl liggur fyrir og verður haft til hliðsjónar.

Fundi slitið kl. 21:02